



1514. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
14.9.2011, kl. 12:00

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1513. fundar

Samþykkt.

2. Úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga í Reykjavík

Anna Kristinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar kynntu niðurstöður könnunarinnar. Umræður þar sem m.a. kom fram ríkur vilji beggja aðila til að vinna frekar að þessum málum.

3. Tímaúthlutanir

Farið yfir stöðu mála. Hefur heilt yfir gengið nokkuð vel en skert fjármagn er þó að skapa togstreitu, bitnar bæði á félögum og almenningi.

4. Afreksiþróttamiðstöð

Staða mála kynnt. Stefnt að því að ÍBR, ÍSÍ, KSÍ og sérsamböndin eigi í félagi tæki til mælinga en samið verði við Atlas til tveggja ára um að sjá um reksturinn. Unnið að greiningu á hvaða mælingar þarf að framkvæma og hvaða tæki vantar. Verið að skoða hvernig gangaskráningu verði háttað og í því sambandi rætt mikilvægi þess að liggi skýrt fyrir hver á gagnabankann m.a. með tilliti til aðkomu háskóla. Athugasemd kom fram um að ekki hefði í byrjun verið lagt upp með setja reksturinn í hendurnar á einkaaðilum heldur hefði hugsunin verið að reksturinn væri í eigu íþróttahreyfingarinnar.

5. Aðild nýrra félaga

- Knattspyrnufélagið Hómer. Öll gögn liggja fyrir, aðild samþykkt.
- Lyftingafélag Reykjavíkur. Lagt fram, fer í farveg.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:20.

Gígja Gunnarsdóttir
fundarritari